



**94. fundur Byggðaráðs Múlapings  
haldinn í fjarfundi, þriðjudaginn 19. september 2023  
og hófst hann kl. 08:30**

**Fundinn sátu:**

Vilhjálmur Jónsson varaformaður, Ívar Karl Hafliðason aðalmaður, Hildur Þórisdóttir aðalmaður, Helgi Hlynur Ásgrímsson aðalmaður, Þröstur Jónsson áheymarfulltrúi, Guðný Lára Guðrúnardóttir varamaður, Björn Ingimarsson sveitarstjóri, Guðlaugur Sæbjörnsson fjármálastjóri og Inga Þorvaldsdóttir fundarritari.

**Fundargerð ritaði:** Inga Þorvaldsdóttir, fulltrúi á stjórnsýslusviði

**Dagskrá:**

**1. 202301003 - Fjármál 2023**

Fjármálastjóri og sveitarstjóri fóru yfir og kynntu mál er varða fjármál og rekstur sveitarfélagsins.

Lagt fram til kynningar.

**2. 202309098 - Fyrirhuguð lokun bolfiskvinnslu á Seyðisfirði**

Fyrir liggur fréttatilkynning Síldarvinnslunnar hf. um fyrirhugaða lokun bolfiskvinnslu á Seyðisfirði auk erindis er sveitarstóri sendi inn fyrir hönd sveitarfélagsins til Síldarvinnslunnar þar sem óskað er eftir því að fyrirhuguð lokun verði tekin til endurskoðunar.

Eftirfarandi tillaga lögð fram:

Byggðaráð Múlapings tekur undir þær áherslur er koma fram í erindi því er sveitarstjóri hefur komið á framfæri við Síldarvinnsluna hf. fyrir hönd Múlapings. Byggðaráð samþykkir jafnframt að taka þátt í mögulegum samráðshópi sem hafi það verkefni að greina valkosti varðandi framtíðaruppbyggingu atvinnulífs á Seyðisfirði ásamt fulltrúa heimastjórnar Seyðisfjarðar, fulltrúa Síldarvinnslunnar og fulltrúa Austurbrúar. Atvinnu- og menningarmálastjóra Múlapings verði falið að starfa með samráðshópnum.

Samþykkt samhljóða án atkvæðagreiðslu.

**3. 202211111 - Kaupvangur 11, Bragginn**

Fyrir liggur fundargerð starfshóps um Braggann, Kaupvangi 11, dags. 24.08.2023.

Lagt fram til kynningar.

**4. 202309030 - Tilnefning til Menningarverðlauna SSA 2023**



Fyrir fundinum liggja tilnefningar til Menningarverðlauna SSA 2023.

Eftirfarandi tillaga lögð fram:

Byggðaráð Múlaþings felur verkefnastjóra menningarmála að skila inn, fyrir hönd Múlaþings, fyrirbyggjandi tilnefningum til Menningarverðlauna SSA 2023.

Samþykkt samhljóða án atkvæðagreiðslu.

**5. 202309006 - Svæðisbundið samráð gegn ofbeldi á Austurlandi**

Fyrir liggur bókun fundar fjölskylduráðs, dags. 05.09.2023, þar sem svæðisbundið samráð gegn ofbeldi á Austurlandi var til umfjöllunar.

Eftirfarandi tillaga lögð fram:

Með vísan til bókunar fjölskylduráðs Múlaþings, dags. 05.09.2023, samþykkir byggðaráð, fyrir hönd sveitarfélagsins, þátttöku í verkefninu Öruggara Austurland og felur sveitarstjóra að undirrita samstarfsyfirlýsingu vegna þessa.

Samþykkt samhljóða án atkvæðagreiðslu.

**6. 202308168 - Gott að eldast - förum alla leið - samþætt þjónusta í heimahúsum**

Fyrir liggur bókun fundar fjölskylduráðs, dags. 05.09.2023, þar sem þróunarverkefni um samþættingu félagslegrar heimaþjónustu var til umfjöllunar.

Eftirfarandi tillaga lögð fram:

Með vísan til bókunar fjölskylduráðs Múlaþings, dags. 05.09.2023, samþykkir byggðaráð í samstarfi við HSA, fyrir hönd sveitarfélagsins, fyrirbyggjandi umsókn um aðild að þróunarverkefninu Gott að eldast.

Samþykkt samhljóða án atkvæðagreiðslu.

**7. 202309079 - Beiðni um umsögn um rekstur skotæfing svæðis**

Fyrir liggur beiðni frá Lögreglustjóranum á Austurlandi, dagsett 29. ágúst 2023, um umsögn Múlaþings um endurnýjað rekstrarleyfi vegna reksturs skotæfing svæðis í Eyvindarárdal.

Eftirfarandi tillaga lögð fram:

Byggðaráð Múlaþings mælir með endurnýjun rekstrarleyfis vegna reksturs skotæfing svæðis í Eyvindarárdal. Ritara falið að koma afgangi byggðaráðs á framfæri við Lögreglustjóran á Austurlandi.

Samþykkt samhljóða án atkvæðagreiðslu.

**8. 202102258 - Ráðgjafanefnd vegna eldri húsa á hættusvæðum**

Fyrir liggur fundargerð frá opnun tilboða í húseignina Garð á Seyðisfirði en tvö tilboð bárust.

Eftirfarandi tillaga lögð fram:

Byggðaráð Múlaþings samþykkir að fela sveitarstjóra að láta ganga frá samningi um sölu á Garði, Hafnargötu 42 á Seyðisfirði, við Trésmiðju Þráins E.



Gíslasonar ehf. á grundvelli fyrirliggjandi tilboðs og ákvæða er fram komu í auglýsingu eftir tilboðum í umrædda eign.

Samþykkt samhljóða án atkvæðagreiðslu.

**9. 202309028 - Málstefna**

Fyrir liggur bókun sveitarstjórnar Múlapings, dags. 13.09.2023, þar sem byggðaráði er falið setja í vinnslu vinnu við mótun málstefnu fyrir sveitarfélagið.

Eftirfarandi tillaga lögð fram:

Byggðaráð samþykkir að fela skrifstofustjóra að stýra vinnu við mótun málstefnu fyrir sveitarfélagið í samræmi við 130. gr. sveitarstjórnarlaga. Er tillaga liggur fyrir skal hún lögð fyrir byggðaráð til umfjöllunar og síðan fyrir sveitarstjórn til afgreiðslu.

Samþykkt samhljóða án atkvæðagreiðslu.

**10. 202301190 - Fundargerðir Sambands Íslenskra sveitarfélaga 2023**

Fyrir liggur fundargerð stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga, dags. 08.09.2023.

Lagt fram til kynningar.

**11. 202305117 - Fundargerðir stjórnar Tækniminjasafns Austurlands 2023**

Fyrir liggur fundargerð stjórnar Tækniminjasafns Austurlands, dags. 23.08.2023.

Lagt fram til kynningar.

**12. 202301189 - Almannavarnarnefnd í umdæmi lögreglustjórans á Austurlandi - fundargerðir 2023**

Fyrir liggur fundargerð Almannavarnarnefndar Austurlands, dags. 30.08.2023.

Lagt fram til kynningar.

**13. 202308124 - Fjarðarborg 50 ára**

Fyrir liggur erindi frá verkefnisstjóra Betri Borgarfjarðar og fulltrúa Já Sæll ehf. varðandi mögulega styrkveitingu viðburða sem stendur til að halda vegna 50 ára afmælis Fjarðarborgar á Borgarfirði.

Í vinnslu.

**14. 202308112 - Fjarskiptasamband á Austurlandi**

Fyrir liggur svar Fjarskiptastofu við erindi byggðaráðs, dags. 29.08.2023, varðandi slæmt fjarskiptasamband á Austurlandi.

Eftirfarandi tillaga lögð fram:

Með vísan til ábendinga er fram koma í svari Fjarskiptastofu við erindi byggðaráðs, varðandi fjarskiptasamband á Austurlandi, felur byggðaráð



sveitarstjóra að taka málið upp við Neyðarlínuna og Fjarskiptasjóð.

Samþykkt samhljóða án atkvæðagreiðslu.

**Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 10:25**

